

4. gr.

Um álagningu.

Iðgjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu lögð á af skattstjórum og færð á skattskrá.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu.

Iðgjöld skulu innheimt af þeim aðilum sem innheimta tekju- og eignarskatt og gilda ákvæði laga nr. 40/1978 um tekju- og eignarskatt með síðari breytingum um þau, þ. á m. um gjalddaga, dráttarvexti og lögtaksrétt.

Vinnueftirlit ríkisins innheimtir sjálft iðgjöld sem ríkissjóði ber að greiða.

6. gr.

Um ráðstöfun tekna af iðgjaldi.

Iðgjöld þau sem innheimt verða samkvæmt reglugerð þessari skulu renna til reksturs Vinnueftirlits ríkisins.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 24. mars 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981:

Fiskmjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðin miðast við cif. og gerast upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.